

Ed.

12. Frumvarp til laga

um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Óheimil för inn á bannsvæði herstjórnar eða óheimil dvöl þar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að lögum, enda hafi bannsvæði verið auglýst, og sé það afgirt eða för inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

2. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum 1. gr. fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra og er ætlað til að bæta úr vöntun á ákvæðum í íslenskum lögum um refsingar fyrir brot á banni við för um eða óheimila dvöl á bannsvæðum þeim, er í 1. gr. frv. getur. Þykir aðkallandi, að frumvarp þetta verði afgreitt nú, áður en fundum Alþingis kann að verða frestað eða fundahlé verður vegna páskahalds.